




SNAPCHAT

-  Samskiptamiðill þar sem samtölin hverfa samtímis
-  Hægt er að senda texta- og raddskilaboð, myndir, myndbönd, radd- og myndsímtöl.
-  Eiginleikar eins og „streaks“ hvetja undir daglega notkun
-  Það að samskipti hverfi getur ýtt undir áreitni og leynileg samtöl
-  Staðsetningareiginleikar (Snapmap) geta gefið upp staðsetningu notandans





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

24%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

84%

Snapchat er samfélagsmiðill þar sem notendur geta sent hvorum öðrum skilaboð eða „snöpp“ í formi texta eða hljóðs, myndir og myndbönd sem hverfa yfirleitt eftir að hafa verið skoðuð. Forritið er einkum notað til hversdagslegra samskipta milli vina en notendur þess geta einnig deilt efni í gegnum sögu (e. story). Forritið býður upp á mismunandi leiðir til að breyta myndefni, svosem með síum (e. filters) eða límmiðum (e. stickers).

3 staðreyndir um Snapchat



Efnið hverfur – en ekki endilega fyrir fullt og allt

Þótt efni sem er sent yfir eða birt á Snapchat hverfi sjálfkrafa geta móttakendur tekið skjáskot af efninu eða tekið myndband af skjánum þegar efnið er skoðað. Notendur fá tilkynningu um það frá Snapchat þegar móttakandi tekur skjáskot af efni frá þeim en það kemur ekki í veg fyrir að efnið sé vistað.



Mögulegt að sjá staðsetningu notenda í rauntíma

Með Snap Map geta notendur deilt staðsetningu sinni með vinum sínum í rauntíma. Hjá sumum notendum er sjálfgefið kveikt á þessu og því mikilvægt að foreldrar viti hvernig á að slökkva á eða stilla hverjir geta séð staðsetningu barnsins.



Býður upp á samskipti við ókunnuga


Ungir notendur geta fengið skilaboð á Snapchat frá fólki sem það þekkir ekki, sérstaklega ef stillingar leyfa viðtæk samskipti eða ef notendanafni er deilt áfram. Mikilvægt er að fara yfir persónuverndar- og samskiptastillingar reglulega.

Tilkynna (reporta) á Snapchat




Tilkynna skilaboð



Finum skilaboðin og
höldum þeim inni



Veljum Report




Fylgjum ferlinu




Tilkynna notanda


Finnum aðganginn sem við
viljum tilkynna og höldum
honum inni




Veljum Manage Friendship



Veljum Report



Fylgjum ferlinu



Fylgjum ferlinu

